

## Aðalfundur ETA deildar Delta Kappa Gamma

Litla Brekka 19. apríl 2010

Fundur er settur kl. 18:00.

Mættar voru; Brynhildur Ragnarsdóttir, Bryndís Sigurjónsdóttir, Inga Margrét Róbertsdóttir, Kirsten Friðriksdóttir, Magnea Ingólfssdóttir, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Stefanía V. Stefánsdóttir, Ósa Knútsdóttir, Auður Torfadóttir, Sofie Kofoed Hansen, Þórunn Blöndal, Kristín Á. Ólafsdóttir, Ólöf Helga Þór, Guðrún Geirsdóttir og Gerður Guðmundsdóttir.

Forföll boðu; Elísabet Gunnarsdóttir, Tanya, Ingibjörg Símonardóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Eyrún Gísladóttir, Margrét Friðriksdóttir, Kristín Steinardóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Hafdís Sigurgeirsdóttir, Ásta Lárusdóttir, Sif Vígbórsdóttir og Bergþóra Gísladóttir.

Kveikt á kertum vináttunnar, hjálpseminnar og trúmennskunnar.

### **Orð til umhugsunar**

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir les úr ljóðabók Ísaks Harðarsonar *Rennur upp um nótt*.

Bryndís Sigurjónsdóttir var kosin fundarstjóri og Inga Margrét Róbertsdóttir fundarritari. Brynhildur Anna Ragnarsdóttir flutti skýrslu stjórnar.

### **Í skýrslunni kom eftirfarandi fram:**

Stjórnin þakkaði gott samstarf þar sem gott tækifæri var til að kynna deildarsystur í starfi og áhugaverðar útfærslur á markmiðum deildarinnar. Stjórnin telur að mikilvægt sé að allar konur séu virkar í starfinu. Fundarstaðirnir hafa verið áhugaverðir og erindin fróðleg og fjölbreytt. Orð til umhugsunar hafa verið uppörvandi. Það eru forréttindi að fá tækifæri til að vinna með jafn öflugum hópi kvenna og er að finna í Eta deild.

Etadeild Delta Kappa Gamma var stofnuð í Reykjavík 6. júní 1997. Deildarkonur eru 30 og all flestar eru af höfuðborgarsvæðin og starfa á ýmsum sviðum fræðslumála: tungumálakennarar, sérkennarar, námsráðgjafar, skólastjórnendur í grunn- og framhaldsskóla, kennari í upplýsingatækni, sjúkraþjálfari, háskólakennarar og fræðikonur á sviði menntamála.

Stjórn Etadeildar 2008-2010 var skipuð eftirfarandi konum; Brynhildi Önnu Ragnarsdóttur formanni, Bryndísi Sigurjónsdóttur varaformanni, Ingu Margrétu Róbertsdóttur ritara, Kirsten Friðriksdóttur gjaldkera og Kristínu Steinarsdóttur vefstjóra.

Markmið deildarinnar var að hafa forystu í faglegri umræðu, að efla innbyrðist tengsl okkar, að velja verkefni utan deildar til að vinna að og að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.

Fimm fundir voru haldnir auk aðalfundar;

**21. september:** Verslunarskóli Íslands – *Að styrkja innbyrðis tengsl okkar.* Skipt var í hópa og hópar lögðu drög að skipulagi funda vetrarins,

**29. október:** Fjölbautarskólinn í Breiðholti – *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að.* Ágústa Gunnarsdóttir kynnti *Innflytjendabraut við FB,*

**16. desember:** *Jólafundur* haldinn á heimili Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur,

**17. febrúar:** Grand Hótel – *Að hafa forystu í faglegri umræðu.* Sigurrós Erlingsdóttir og Ósa Knútsdóttir kynntu *starfendarannsóknir* við Menntaskólann við Sund,

**9. mars:** Norðlingaskóli – *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum.* Þuríður J. Jóhannsdóttir sagði frá doktorsrannsókn sinni og bar erindið yfirskriftina *Frávik frá því venjulega. Mótsetningar sem uppspretta breytinga í kennaramenntun.* Gestir fundarins voru úr Gammadeild, þar á meðal forseti landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir.

### **(H)rósið**

Eftirfarandi konur fengu (H)rós frá deildinni; Anna Magnea Hreinsdóttir, Bryndís Sigurjónsdóttir, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Sif Vígbórsdóttir.

### **Þemu deildarinnar**

*Nærsamfélagið, aðstoð við heimanám erlendra nemenda.*

Hugsanlega þarf að endurskoða aðkomu okkar að verkefninu og áherslur í verkefninu.

*Innra starfið: virk þátttaka félaga í stjórnun og starfi deildarinnar.*

Halda áfram að þróa það á þessum jákvæðu nótum.

Margar deildir hafa áhuga á að taka upp þetta skipulag okkar.

### **Starfsemin - sjálfbær stjórnun – með þátttöku allra deildarsystra**

Unnið var eftir stefnumótun frá 2007 – 2008, deildarsystur draga sig í hópa að hausti, hópar skipuleggja fund út frá markmiði, velja stað, flytjanda að orði til umhugsunar, annast fundarstjórn og ritun fundargerða. Á seinna starfsári stjórnar velur hver hópur eina konu úr hópnunum til setu í stjórn Eta-deildar á næsta tímabili.

Hópurinn býður með á fundinn einni konu – skuldbindingalaust – til að kynna henni starfið í Eta-deild. Heimasíðan er mjög virk og í góðum farvegi. Skýrsla stjórnar var í þetta sinn bara ein síða og svo var vísað í heimasíðu. Tilnefningar komu frá öllum hópum: Auður Torfadóttir úr októberhópi, Ólöf Helga Þór úr jólafundarhópi, Anna Magnea Hreinsdóttir úr febrúarhópi og Þórunn Blöndal úr marshópi. Hins vegar þarf að vinna markvisst að fjölgun félaga í deildinni.

### **Horft um öxl**

Brynhildur er í annað sinn formaður deildarinnar segir að hópastarf gerir starf stjórnar auðveldara, en erfitt fyrir stjórn að þurfa að raða í hópana. Sanngjarnara að konur dragi sig í hópa á hverju starfsári upp á kynni og verkefni. Við eigum heldur ekki að geta valið okkur verkefni og hópa - heldur taka því sem að höndum ber og við kynnumst betur. Skipulagið í deildinni hefur að dómi stjórnar sannað sig í vetur þegar með stuttum fyrirvara þurfti að skipta um hópa, betri þátttöku deildarsystra og ekki síst áhugaverðara og fjölbreyttara efni. Skipulagið í Eta deild hefur vakið áhuga hjá öðrum deildum. Síðasta ári hættu Vilborg Jóhannsdóttir, Rannveig Lund og Halldóra Kristjánsdóttir og nú hefur Bergþóra Gísladóttir ákveðið að hætta.

### **Verkefni næsta árs**

Fjölga í deildinni: Hugsanlega að halda kynningarfund þar sem við allar getum boðið með okkur gestum. Mæta jafn vel og síðast liðinn vetur og athuga með aðkomu að Heilahristingi.

### **Skýrsla gjaldkera**

Kirsten Friðriksdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga deildarinnar fyrir tímabilið 23. apríl 2008 til 19. apríl 2010 til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Tekjur (árgjöld og vaxtatekjur) voru 466.219 kr. og útgjöldin (greiðsla til landssamtakanna, kostnaður vegna landssambandsfundar og jólafundar, útgjöld vegna gesta á fundum, ritföng, frímerki, blóm og skreytingar) voru 442.603 kr. Tekjuafgangur var því 23.616 kr. Inneign á bankareikningi var 13.517. Eignir alls voru því 37.133 kr. Ákveðið að hafa sama árgjald 9.000 kr.

### **Kosning formanns, meðstjórnenda og endurskoðenda**

Auður Torfadóttir var kosin formaður og aðrir stjórnarmenn Anna Magnea Hreinsdóttir, Ólöf Helga Þór og Þórunn Blöndal. Magnea Ingólfsdóttir og Hafdís Sigurgeirsdóttir voru kjörnar endurskoðendur. Kristín Steinarsdóttir tekur að sér að vera vefstjóri deildarinnar áfram.

Á fundinum ræddu félagskonur um væntingar okkar til starfsins í deildinni.

Fundi slitið kl. 18:55